

II. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skrásetning skipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1929)

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo :

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðilja, er hjer má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyr en það er komið í íslenskt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskirteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn í íslenska höfn, enda sje skirteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiftafulltrúa grunur leika á því, að aðilji fullnægi í raun rjettri ekki skilyrðum laga þessara, til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi, i raun rjettri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskirteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar beiðist, ber að afhenda honum samkvæmt 6. gr. Fjármálaráðuneytinu ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgða-þjóðernisskirteininu, ef það reynist að vera ólöglega útgefið.

Í þjóðernisskirteini, til bráðabirgða, skal greina :

1. Nafn skips og hverskonar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar, sem fá má, um smálestatil skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skirteinið skuli gilda.

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smiðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skirteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskirteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenska höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskirteini. Þó getur skirteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Athugasemd við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er framkomið fyrir tilmæli Dansk-Íslensku ráðgjafarnefndarinnar, þar sem hún fer fram á, að ákvæði þessu lík sjeu sett inn í lögum um skrásetningu skipa, lög nr. 29, 27. júní 1925. Ekkert ákvæði er nú í þeim lögum, er veiti viðskiftafulltrúum ríkisins ótvíræðan rjett til þess að neita um útgáfu þjóðernisskírteinis, ef grunur eða líkur benda til, að aðilji fullnægi ekki skilyrðum þeim, sem honum ber að uppfylla. Lögum gera ráð fyrir að viðskiftafulltrúi veiti bráðabirgða-skírteini, er gildi alt að tveggja ára tíma, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til. Undir ýmsum kringumstæðum mætti misnota slíkt bráðabirgða-skírteini. Frumvarp þetta á að bæta úr þessum ágalla, þar sem viðskiftafulltrúa er gefið í hendur neitunarvald, til útgáfu bráðabirgða-þjóðernisskírteinis, ef honum þykir ástæða til, og um leið er ráðuneytinu gefið tækifæri til þess að rannsaka, hvort neitun sú er á rökum byggð. Það verður ennfremur að álitast nauðsynlegt, að viðskiftafulltrúi sendi eftirrit af skjólum þeim, er þjóðernisskírteinið er bygt á, um leið og hann sendir eftirrit af skírteininu, svo sannprófa megi hvort skírteinið sje i alla staði löglegt.

Í dönskum lögum um þetta efni, frá 4. maí 1927, er allmikið hert á samskonar ákvæðum, til þess að fyrirbyggja að þegar annara ríkja geti falið sig undir fólsku merki, og á þann hátt notið hlunninda þeirra, sem innlendum mönnum einum er veitt að lögum. Það virðist því ekki minni ástæða til fyrir okkur Íslendinga, sem eigum svo mikilla hagsmuna að gæta, þar sem fiskiveiðar í íslenskri landhelgi eru, að ákvæði lögjafarinnar, um þetta atriði, sjeu svo skýr, og eftirlitið svo trygt, að ekki sje hægt að fara kringum lögum á því sviði.

Að öðru leyti þarf frv. ekki frekari skýringa við.